

# Umhverfisstefna HFH

Hnefaleikafélag Hafnarfjarðar vil gera sitt besta til að huga að umhverfi sínu, hámarka endurvinnslu, nýta orkuauðlindir og lágmarka sóun. Með það í huga leggur HFH fram eftirfarandi leiðbeiningar sem skal hafa til viðmiðs í dagsdaglegri starfsemi HFH.

## Sorpflokkun

Allt sorp skal flokkað eins vel og hægt er. Flokkunartunnur eru staðsettar á áberandi stað og eru vel merktar. Sérstök áhersla er á að rusl sem fellur til á meðan mótum stendur skal vera flokkað. Flokkað rusl ber að skila í nærtækustu endurvinnslustöð eða grenndargáma.

Lágmarks endurvinnsluflokkar eru: Almennt rusl, plast, pappír/pappi og flöskur/dósir með skilagjaldi.

## Nýting á orkuauðlindum

Notkun á rafmagni og vatni skal haldið í lágmarki miðað við almenna starfsemi. Slökkva skal á öllum óþarfa ljósum og tækjum, bæði þegar húsnæðið er í notkun og þegar það er yfirgefið.

Hvetja skal til umhverfisvænni ferðamáta svo sem ganga, hjóla, samnýta ferðir og að nota almenningssamgöngur.

Kaupa skal inn umhverfisvænar rekstarvörur eins mikið og kostur er á.

## Lágmarka sóun

Notast skal við margnota glös og borðbúnað í dagsdaglegri starfsemi HFH.

Við kaup á einnota vörum t.d. fyrir mótshald skal kaupa inn umhverfisvænar rekstarvörur og velja endurvinnanlegar einnota vörur.

Lágmarka skal notkun á skrifstofupappír.

Umhverfisstefna HFH skal vera í stöðugri endurskoðun til að gera sitt besta að hugsa um okkar dýrmætu náttúru.

